

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktarinnar koma fjórir nýir málsliðir sem orðast svo: Borgarfulltrúum er heimilt að taka þátt í fundi borgarstjórnar með rafrænum hætti, með samþykki forsætisnefndar. Þá skulu borgarfulltrúar vera staddir í Reykjavík eða í erindagjörðum innanlands á vegum Reykjavíkurborgar. Þegar borgarfulltrúi tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal tryggja möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi samskipta milli fundarmanna. Að öðru leyti skal fylgja leiðbeiningum ráðherra um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna og reglum Reykjavíkurborgar um fjarfundi.

2. gr.

Á eftir 1. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktarinnar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Borgarráðsfulltrúum er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti með samþykki borgarráðs.

3. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 54. gr. samþykktarinnar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Nefndarmönnum er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti með samþykki formanns nefndarinnar.

4. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 4. október 2021.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Hafdís Gísladóttir.